



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

SKILAGREIN

**Nokkur atriði varðandi uppbyggingu
raforkukerfisins á næstu árum**

Jón Vilhjálmsson
OS82074/VOD36 B

Ágúst 1982



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

SKILAGREIN

**Nokkur atriði varðandi uppbyggingu
raforkukerfisins á næstu árum**

Jón Vilhjálmsson
OS82074/VOD36 B

Ágúst 1982



EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Efnisyfirlit | 3 |
| Töfluskrá | 3 |
| 1 Inngangur | 5 |
| 2 Notkun raforkuspár við áætlanagerð | 5 |
| 3 Raforkukerfið fyrir iðnaðarstefnur 9 til 13 og virkjunarleiðir 9 og 10 | 9 |
| 4 Uppbygging virkjana | 11 |
| 5 Uppbygging flutningskerfisins | 14 |
| Viðauki 1, Greinargerð verkfræðistofunnar Strengs .. | 17 |

TÖFLUSKRÁ

| | |
|--|----|
| 2.1 Skömmtun afgangsorku, tölur í GWh | 7 |
| 2.2 Afhending afgangsorku og keyrsla varastöðva. Tölur eru fengnar frá rekstrareftirlikingum og eru í GWh. | |
| a) Meðaltöl | 7 |
| b) Fyrir versta vatnsár | 8 |
| 3.1 Iðnaðarstefna. Ný stóriðja; stærð og tíma- setning. Miðað er við þörf í orkuveri | 9 |
| 3.2 Röðun virkjana í virkjunarleiðum | 10 |
| 3.3 Tímasetning virkjana | 10 |
| 3.4 Núgildi kostnaðar við vinnslu og flutning raforku. Núgildi reiknað fram til miðs árs 1982, verðlag desember 1981 | 11 |
| 5.1 Fjárfestingar í flutningskerfinu | 15 |

1 INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 23. júlí 1982 fór Iðnaðarráðuneytið þess á leit við Orkustofnun að hún framkvæmdi athugun á því hver sé heppileg tímasetning nýrra virkjana í raforkukerfinu, og þá sérstaklega tímasetningu Blönduvirkjunar og stækkunar Búrfellsvirkjunar. Jafnframt var óskað umsagnar Orkustofnunar um niðurstöður skýrslu Landsvirkjunar "Greinargerð um framkvæmdapörf og rekstraröryggi í hinu samtengda landskerfi á tímabilinu 1982 - 1988", dagsett í apríl 1982.

Með þessari skilagrein er reynt að svara fyrirspurnum ráðuneytisins. Helsta niðurstaða athugunarinnar er að þörf sé á næstu virkjun 1987 hvort sem þar er um að ræða Blönduvirkjun eða stækkun Búrfellsvirkjunar. Hvort hagkvæmara sé að Blönduvirkjun komi á undan eða á eftir stækkun Búrfellsvirkjunar er háð markaðspróun, en hæg uppbygging markaðarins hentar stækkun Búrfellsvirkjunar best. Blönduvirkjun hefur vissa kosti sem ekki koma að fullu fram við hagkvæmnireikninga, og má í því sambandi nefna að hún er utan þess syðis sem allar meiriháttar virkjanir landsins eru á, auk þess sem staðsetning hennar hentar raforkukerfinu mjög vel og eykur öryggi þess.

Þegar bera á saman hagkvæmni virkjunarleiða fer niðurstaðan eftir því hvaða markaðsuppbygging er notuð, en ef gert er ráð fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar þá má velja hana á óteljandi vegu. Því má ekki ætla að niðurstöður einnar athugunar gildi almennt óháð því hver próun markaðarins verður.

2 NOTKUN RAFORKUSPÁR VIÐ ÁETLANAGERÐ

Orkuspárnefnd tók til starfa á árinu 1976 og gaf út sína fyrstu raforkuspá í byrjun árs 1977. Að fenginni umsögn ýmissa aðila um spána og þeirri reynslu sem fékkst af henni var gefin út endurskoðuð spá á árinu 1978. Á árinu 1981 kom síðan út ný raforkuspá sem var ekki einungis fyrri spá endurreiknuð heldur höfðu allar forsendur verið endurskoðaðar. Þó svo Orkuspárnefnd hafi ekki starfað mjög lengi þá hefur fengist nokkur reynsla af starfi hennar. Í ljós hefur komið að raforkuspáin frá 1977 var helst til of há miðað við þá reynslu sem fengist hefur síðan, en spáin frá 1981 er um 400 GWh lægri við lok spátímabils árið 2000 heldur en fyrsta spáin. Rauntölur fyrir árið 1981 um raforkunotkun liggja nú fyrir, og eru þær lægri en spáin. Eitt ár er of skammur tími til að meta raforkuspána eftir, og því þykir ekki rétt að gefa út endurskoðaða spá fyrr en rauntölur fleiri ára liggja fyrir.

Raforkuspá Orkuspárnefndar hefur á undanförnum árum verið mikið notuð við áætlanagerð á sviði orkumála, og eru menn almennt sammála um að ekki sé til betri áætlun um raforkubörfina í framtíðinni. Í raforkuspánni er spáð fyrir um þróun þess markaðar sem fyrir hendi er í dag, og er það sú grunnspá sem almennt er notuð. Þessu til viðbótar kemur síðan orkunotkun hugsanlegra nýrra stóriðjufyrirtækja, en mikil óvissa ríkir um þann markað. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um þessa notkun, en fátt er endanlega ákveðið í dag. Óvissan um raforkumarkaðinn gerir það að verkum að erfitt eða allt að því ómögulegt er að gera raunhæfar áætlanir um þróun raforkukerfisins, þar sem hún er algerlega háð markaðnum. Niðurstöður samanburðarárathugana fara eftir þeim markaði sem gengið er út frá, og má því ekki líta svo á að þær gildi almennt.

Í raforkuspánni er spáð fyrir um forgangsorku, en afgangsorka er þar ekki innifalin. Öll rafhitun er innifalin í spánni, hvort heldur er bein rafhitun eða R/O hitun. Forgangsorkan til Járnbendiverksmiðjunnar er í spánni talin 260 GWh/a, en í samningi er hún tilgreind 244 GWh/a. Þarna er misræmi sem nemur 16 GWh/a. Afgangsorka til núverandi markaðar, þ. e. samningsbundin sala umfram það sem orkuspái felur í sér, er því:

| | | |
|---------------------|-------|-------|
| Járnbendiverksmiðja | 290 | GWh/a |
| Ísal | 106 | - |
| Flutningstöp | 20 | - |
| | ----- | |
| Samtals | 416 | - |

Ef litið er á orkunotkun stóriðjufyrirtækjanna á árinu 1981 kemur í ljós að hjá ísal var meðalorkunotkunin á dag mest í ágstmánuði eða 3,68 GWh/dag, en ef raforkunotkunin hefði verið þetta mikil alla daga ársins hefði heildarnotkunin orðið um 1343 GWh sem er 36 GWh meiri en forgangsorkan í raforkuspánni. Meðalorkunotkunin á dag var mest í júlímaðuði hjá Járnbendiverksmiðjunni eða um 1,42 GWh/dag, en ef þetta mikil notkun hefði verið alla daga ársins hefði heildarnotkun verksmiðjunnar numið um 519 GWh sem er 259 GWh meiri en forgangsorkan í raforkuspánni. Afgangsorka, sem ekki er innifalin í orkuspá, hefði því í þessu tilviki numið um

$$(36 + 259) * 1,05 = 310 \text{ GWh}$$

Því er e. t. v. óliklegt að verksmiðjurnar nýti sér að fullu þá afgangsorku sem samningar heimila þeim, en vissulega er sá möguleiki alltaf fyrir hendi, t. d. ef markaðsaðstæður breyttust þannig að hátt verð fengist fyrir afurðir þeirra.

í raforkusamningum við stóriðjufyrirtæki eru vissar kvaðir á afhendingu afgangsorku sem miðast við eins árs, fjögurra ára og tuttugu ára tímabil. Eins og fram kemur í töflu 2.1 hefur Landsvirkjun takmarkað afhendingu afgangsorku nokkuð undanfarin ár, en fram til 1985 ættu takmarkanir á sölu afgangsorku að vera fremur litlar nema til komi mjög slæm vatnsár.

Tafla 2.1 Skömmtun afgangsorku, tölur í GWh.

| Ár | Járnblendiverksmiðja | | | fsal | | |
|------|----------------------|------------|------|----------|------------|------|
| | Jan.-Máí | Sept.-Des. | Alls | Jan.-Máí | Sept.-Des. | Alls |
| 1980 | 17 | 56 | 73 | | 26 | 26 |
| 1981 | 88 | 59 | 147 | 23 | 4 | 27 |
| 1982 | 52 | | | 6 | | |

Tafla 2.2 sýnir selda afgangsorku fyrir vatnsárin 1985 og 1986 samkvæmt rekstrareftirlíkingum, og er þá miðað við að kísilmálverksmiðja hefji rekstur haustið 1985. Vatnsár er frá 1. september til 31. ágúst, b. e. vatnsárið 1985 er frá 1. sept. 1985 til 31. ágúst 1986. Þrjú tilvik voru athuguð, b. e. að afgangsorkumarkaðurinn væri 485 GWh/a, 416 GWh/a og 310 GWh/a. Eins og áður er komið fram er afgangsorkumarkaðurinn í dag 416 GWh/a, en óliklegt er að stóriðjufyrirtækin nýti sér alla pessa orku og var því tilvikið með 310 GWh/a markaði athugað. Til að sjá hvaða áhrif stækkan afgangsorkumarkaðarins hefur er tilvik með 485 GWh/a markaði sýnt. Tölurnar í töflunni benda til þess að þessi ár muni einungis í verstu vatnsárum þurfa að skerða afgangsorku í svipuðu mæli og samningar leyfa. Skerðing síðustu ára hefur ekki áhrif á hve mikla afgangsorku afhenda þarf árin 1985 og 1986 vegna takmarkana fyrir fjögurra ára tímabil. Aftur á móti hafa takmarkanir þessi ár áhrif á hve mikið skerða má það sem eftir er af tuttugu ára tímabilinu.

Tafla 2.2 Afhending afgangsorku og keyrsla varastöðva. Tölur eru fengnar með rekstrareftirlíkingum fyrir 30 ár og eru í GWh.

a) Meðaltöl.

| Vatns- ár | Afgangsorka | | | R/O veitur | Framleiðsla | | Skortur oliustöðva |
|--------------|-------------|------|-------|---------------|-------------|-------|-----------------------|
| | Mark- | Seld | Skert | | Skert | Dísil | |
| 1985 | 485 | 416 | 69 | 3,6 | 1,2 | 0,9 | 0,4 |
| -- | 416 | 371 | 45 | 2,3 | 0,1 | 0,3 | 0,0 |
| -- | 310 | 291 | 19 | 0,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 1986 | 485 | 357 | 128 | 7,5 | 1,5 | 1,5 | 0,8 |
| -- | 416 | 325 | 91 | 7,7 | 1,5 | 1,8 | 0,7 |
| -- | 310 | 266 | 44 | 6,7 | 1,0 | 2,0 | 0,0 |

b) Fyrir versta vatnsár.

| Vatns- ár | Afgangsorka Mark- aður | Seld | Skert | R/O | Framleiðsla | Skortur | | |
|--------------|------------------------------|------|-------|-----------------|------------------------------|---------|------|------|
| | | | | veitur Skert | oliustöðva Dísil Gufa Gas | | | |
| 1985 | 485 | 149 | 336 | 64,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| -- | 416 | 143 | 273 | 42,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| -- | 310 | 117 | 193 | 15,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 1986 | 485 | 108 | 377 | 34,9 | 18,1 | 26,9 | 12,6 | 11,7 |
| -- | 416 | 127 | 289 | 97,5 | 0,0 | 18,2 | 0,0 | 0,0 |
| -- | 310 | 95 | 215 | 93,1 | 0,0 | 27,3 | 0,0 | 0,0 |

í töflu 2.1 sést að síðustu tvö ár, eða frá því í september 1980, hefur afgangsorka verið skert um 314 GWh. Á fjögurra ára tímabili purfa 989 GWh af afgangsorku að vera tiltækar af 1648 GWh sem samningar hljóða upp á. Næstu tvö ár má því skerða afgangsorku um:

$$1648 - 989 - 314 \text{ GWh} = 345 \text{ GWh}$$

án þess að samningar séu brotnir, en það er um 42% af afgangsorkumarkaðnum.

í skýrslu Landsvirkjunar frá því í apríl 1982, "Greinargerð um framkvæmdapörf og rekstraröryggi í hinu samtengda landskerfi á tímabilinu 1982 - 1988" kemur fram að Landsvirkjun telur eðlilegt að telja 250 GWh/a af afgangsorku sem foragangsorku. Eins og fram hefur komið þá þarf að tryggja stóriðju næstu tvö árin tæp 60% af umsaminni afgangsorku til að uppfylla samninga, en það eru um 250 GWh/a ef flutningstöp eru ekki tekin með. Samkvæmt samningum purfa 50% af umsaminni afgangsorku að vera tiltæk á hverju ári, og ef notuð eru rök Landsvirkjunar þá hefði alltaf átt að líta á pennan hluta afgangsorkunnar sem forgangsorku. Telja verður þessa röksemdafærslu hæpna, t. d. er alltaf nokkur afgangsorka fyrir hendi yfir visst tímabil á sumrin, og fæst þá hluti þeirrar afgangsorku sem afhenda verður samkvæmt samningum sem lágmáark. Ekki er heldur ástæða til að fara strax að hafa áhyggjur af takmörkunum fyrir tuttugu ára tímabil, þar sem svo skammt er á það liðið. Þrátt fyrir þetta fela samningar Landsvirkjunar við Járnblandifélagið og ísal um afgangsorkusölu vissulega í sér afhendingarkvaðir sem ekki verður litið fram hjá. Orkustofnun hefur áður bent á að kvaðir þessar eru ekki í samræmi við verð það sem fæst fyrir afgangsorku, sbr. umsögn hennar þegar járnblendisamningurinn var til meðferðar hjá Alþingi. Stjórnvöld purfa hið fyrst að taka afstöðu til þess, hvernig kvaðir þessar skuli meðhöndlaðar við framkvæmd samninganna. Það getur ráðið tímasetningu næstu virkjunar.

3 RAFORKUKERFID FYRIR IÐNAÐARSTEFNUR 9 TIL 13 OG
VIRKJUNARLEIÐIR 9 OG 10

Að beiðni Iðnaðarráðuneytisins hefur Orkustofnun framkvæmt athugun á tímasetningu virkjana fyrir tvær virkjunarleiðir, VL-9 og VL-10, og iðnaðarstefnur IS-9, IS-10, IS-12 og IS-13. Til samanburðar hefur Orkustofnun bætt við iðnaðarstefnu IS-11, sem gerir ráð fyrir að kísilmálverksmiðja verði reist á Reyðarfirði 1985, en að um frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar verði ekki að ræða á næstu árum. Tafla 3.1 sýnir iðnaðarstefnurnar og tafla 3.2 virkjunarleiðirnar.

Tafla 3.1 Iðnaðarstefna. Ný stóriðja; stærð og tímasetning. Miðað er við þörf í orkuverfi.

| Ár | IS-9 | | IS-10 | | IS-11 | | | | |
|------|----------------|----------|------------|-------------|------------|----------|------------|-----|----|
| | Verksmiðja | Orka Afl | Verksmiðja | Orka Afl | Verksmiðja | Orka Afl | | | |
| | GWh/a | MW | | GWh/a | MW | | GWh/a | MW | |
| 1985 | Kísilmálm. | 370 | 50 | Kísilmálm. | 370 | 50 | Kísilmálm. | 370 | 50 |
| 1986 | | | | | | | | | |
| 1987 | Járnbland. | 260 | 30 | Járnbland. | 260 | 30 | | | |
| | -- Natr.-klór. | 180 | 20 | Natr.-klór. | 180 | 20 | | | |
| | -- Trjákvoðu. | 395 | 50 | Ál; SV-land | 395 | 50 | | | |
| 1988 | | | | | | | | | |
| 1989 | | | | | | | | | |
| 1990 | Ál; N-land | 945 | 120 | Ál; N-land | 945 | 120 | | | |
| 1991 | Ál; SV-land | 395 | 50 | Trjákvoðu. | 395 | 50 | | | |
| 1992 | | | | | | | | | |
| 1993 | | | | | | | | | |

| Ár | IS-12 | | IS-13 | | | |
|------|---------------|----------|------------|-------------|-----|-----|
| | Verksmiðja | Orka Afl | Verksmiðja | Orka Afl | | |
| | GWh/a | MW | | GWh/a | MW | |
| 1985 | Kísilmálm. | 370 | 50 | Kísilmálm. | 370 | 50 |
| 1986 | | | | | | |
| 1987 | Járnbland. | 260 | 30 | Járnbland. | 260 | 30 |
| | -- Trjákvoðu. | 395 | 50 | Natr.-klór. | 180 | 20 |
| 1988 | Natr.-klór. | 180 | 20 | | | |
| 1989 | | | | | | |
| 1990 | Ál; N-land | 945 | 120 | Ál; N-land | 945 | 120 |
| 1991 | Ál; SV-land | 395 | 50 | Ál; SV-land | 395 | 50 |
| 1992 | | | | | | |
| 1993 | | | Trjákvoðu. | 395 | 50 | |

Athugasemdir: Kísilmálm. er kísilmálverksmiðja á Reyðarfirði.

Járnbland. er viðbót við Járnblandiverksmiðjuna á Grundartanga.

Natr.-klór. er Natrium-klóratverksmiðja staðsett suðvestanlands.

Trjákvoðu. er trjákvoðuverksmiðja staðsett norðanlands.

Tafla 3.2 Röðun virkjana í virkjunarleiðum.

Virkjunarleið 9 Virkjunarleið 10

Stífla á mótum Þjórsár og Tungnaár
Innrennsli Þórisvatns aukið með Kvíslaveitum
Stækkan Þórisvatns í 1765 Gl

Búrfell II Blönduvirkjun
Blönduvirkjun Búrfell II

Eins í báðum leiðum

Í skýrslum Orkustofnunar, "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta I-IV" útg. í febrúar og nóvember 1981 er þeim aðferðum sem notaðar eru hér lýst, en í öðrum köflum þessarar greinargerðar er nokkuð fjallað um forsendur. Í töflum 3.3 og 3.4 eru niðurstöður athugunarinnar sýndar, en í öllum tilvikum er gert ráð fyrir 420 Gl miðlun við Blönduvirkjun. Í töflu 3.4 er nágildi kostnaðar fyrir virkjunarleið VL-9 sett 0 fyrir allar iðnaðarstefnurnar.

Tafla 3.3 Tímasetning virkjana.

| Ár | IS-9 og IS-10 | IS-11 | IS-12 | IS-13 |
|------|---------------|--------------|--------------|--------------|
| | VL-9 | VL-10 | VL-9 | VL-10 |
| 1985 | | | | |
| 1986 | | | | |
| 1987 | B. II Blö. | B. II Blö. | B. II Blö. | B. II Blö. |
| | -- Blö. | B. II | | Blö. |
| 1988 | ----- | | | B. II Blö. |
| 1989 | Eins í báðum | | | |
| 1990 | leiðum | | Eins í báðum | B. II |
| 1991 | | Blö. | leiðum | |
| 1992 | | | | Eins í báðum |
| 1993 | | | B. II | leiðum |
| 1994 | | ----- | | |
| 1995 | | Eins í báðum | | |
| 1996 | | leiðum | | |

B. II : Stækkan Búrfellsverkjunar
Blö. : Blönduvirkjun

Tafla 3.4 Núgildi kostnaðar við vinnslu og flutning raforku. Núgildi reiknað fram til miðs árs 1982, verðlag desember 1981.

| Virkjunarleið | IS-9 og IS-10 | IS-11 | IS-12 | IS-13 |
|---------------|---------------|-------|-------|-------|
| VL-9 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| VL-10 | 0 | 17 | -16 | -45 |

í töflu 3.3 sést að ef gengið er út frá þeim forsendum sem hér eru notaðar, þurfa bæði Blönduvirkjun og Búrfell II að koma sama árið í iðnaðarstefnum IS-9 og IS-10. Virkjunarleiðir VL-9 og VL-10 verða því eins, og núgildi kostnaðar því hið sama í báðum tilvikum. Í iðnaðarstefnu IS-11 getur Búrfell II aftur á móti hliðrað Blönduvirkjun aftur um fjögur ár eða allt til 1991. Orkuvinnslugeta virkjunarinnar samsvarar einungis tæplega tveggja ára aukningu markaðarins, en þörf á auknu afli í kjölfar Kvíslaveitna, sem fæst með Búrfelli II, gerir mögulega til viðbótar tveggja ára hliðrun Blönduvirkjunar. Markaðsuppbyggingin í iðnaðarstefnu IS-11, þ. e. engin ný stóriðja eftir 1985, er líklega sú sem Búrfelli II er einna hagstæðust, þar sem þá er um hæga uppbyggingu markaðar sem hefur lágan nýtingartíma. Virkjunarleið VL-9 er einnig heldur hagkvæmari fyrir þessa iðnaðarstefnu. Virkjunarleið VL-10 er heldur hagkvæmari fyrir iðnaðarstefnur IS-12 og IS-13.

Við samanburð á flutningskerfum hefur verið gert ráð fyrir Sprengisandslínu árið 1986. Í iðnaðarstefnum IS-9, IS-10 og IS-12 er flutningskerfið það sama í báðum virkjunarleiðunum. Í iðnaðarstefnu IS-13 hefur verið gert ráð fyrir sömu uppbyggingu flutningskerfisins í báðum leiðum, nema hvað línur sem tengja Blönduvirkjun við byggðalínu koma 1987 í VL-10 en 1988 í VL-9. Í iðnaðarstefnu IS-11 verður uppbygging kerfisins ekki sú sama í báðum leiðunum, en í þessu tilviki verður rekstraröryggi kerfisins á árunum 1987 til 1990 meira fyrir leið VL-10, en erfitt er að meta það til fjár.

Nánari umfjöllun um tímasetningu virkjana er að finna í greinargerð verkfræðistofunnar Strengs sem fylgir hér með sem viðauki 1.

4 UPPBYGGING VIRKJANA

Ýmsar breytingar hafa orðið á hugmyndum manna um uppbyggingu virkjana frá því að skýrsla Orkustofnunar "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta, I-III" útg. í febrúar 1981, var unnin. Í framhaldsathugun

Orkustofnunar, sbr. fjórða bindi fyrnefndrar skýrslu útg. í nóvember 1981, var gert ráð fyrir að næstu aðgerðir í orkuöflunarkerfinu yrðu: Bygging stíflu á mótmum Þjórsár og Tungnaár, Kvíslaveitur og samhliða þeim stækkun Þórisvatns og aflaukning í Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunum, en ekki var gert ráð fyrir þessum aðgerðum í fyrri athuguninni. Við nánar athugun kom í ljós að hér var um mjög hagkvæma framkvæmd að ræða sem hægt var að ráðast í með litlum fyrirvara, og friðun Þjórsárvera, sem kemur í veg fyrir að gerð verði stór miðlun í Efri Þjórsá, gerði það enn hagkvæmara að nýta hluta rennslis árinnar með veitum yfir í Þórisvatn.

Í athugun Orkustofnunar frá því í nóvember 1981 var talið að þörf væri á auknu afli í kerfið samfara Kvíslaveitunum og stækkun Þórisvatns. Megintilgangurinn með þessu aukna afli var að tryggja að varaafl væri fyrir hendi í kerfinu, sem nýta mætti við bilanir í orkuverum og þegar erfiðleikar kæmu upp í rekstri virkjana, t. d. vegna ísvandamála. Við rekstrareftirlíkingar er reynt að meta kostnað vegna takmarkaðs afls í kerfinu, og er til þess notað aflliðan sem lýst er í "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta II" febrúar 1982, en inn í líkanið er tekið afl í vatnsaflsvirkjunum, jarðgufustöðvum, R/O veitum og oliustöðvum. Líkan þetta er mikil einföldun á raunveruleikanum en ætla má að það gefi nokkuð raunhæfar niðurstöður.

Eftir að skýrsla Orkustofnunar frá því í nóvember 1981 kom út hefur Landsvirkjun lagt mikla áherslu á að setja bæri upp þetta aukna afl í Búrfellsvirkjun II, en ekki í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjunum. Með því að staðsetja aflið í Búrfelli II fæst aukning í orkuvinnslugetu kerfisins upp á 220 GWh/a, en með því að setja það í virkjanir í Tungnaá fæst nánast engin aukning í orkuvinnslugetu kerfisins. Umframkostnaður við að staðsetja aflið í Búrfelli II, á verðlagi í desember 1981, er um 180 Mkr, og á orkueiningu gefur það 0,82 kr/kWh/a, en kostnaður á orkueiningu fyrir Blönduvirkjun er 1,56 kr/kWh/a (420 Gl heildarmiðlun). Bendir þetta til þess að mun hagkvæmara sé að staðsetja aflið í Búrfelli II heldur en í Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunum. Þessi samanburður á einungis við þegar borin er saman aflaukning í umræddum virkjunum á Þjórsárvæðinu, en segir ekkert til um hvaða virkjun hagkvæmast sé að reisa næst. Einnig kemur til greina að staðsetja þetta afl utan Þjórsárvæðisins.

Eins og fram kemur í greinargerð verkfræðistofunnar Strengs, sem birt er í viðauka, þá þarf næsta virkjun að hefja rekstur eigi síðar en 1987, og er þá gert ráð fyrir að kísilmálverksmiðja með orkupörf um 370 GWh/a hefji rekstur 1985. Í greinargerðinni koma einnig fram ýmsar hugleiðingar varðandi þa aðferð sem notuð er við tímasetningu virkjana. Sú spurning vaknar hvor rétt sé

að nota þá aðferð við tímasetningu virkjana sem gengið er út frá í athugunum Orkustofnunar, eða stefna þær rekstri kerfisins í óefni. Eins og fram kemur í viðauka þá er reynt að meta hver sé hagkvæmasta tímasetning virkjana, og ef miðlanir eru tæmdar of hratt við rekstrareftirlíkingar þá gefur það til kynna að fjárhagslegt mat á skorti sé of lágt. Verri vatnsár geta komið í framtíðinni heldur en þau sem notuð eru í rekstrareftirlíkingunum, og áhrif slíkra ára koma því ekki fram í athugunum. Telja verður að fremur litlar líkur séu á mun verri vatnsárum, en eðlilegt er að reyna á einhvern hátt að taka tillit til þess möguleika.

Rekstrarmenn hafa viljað gera ráð fyrir vissri varamiðlun og hefur í því sambandi verið nefnt 15% af fullri miðlun. Miðlunin yrði þá líklega rekin á þann hátt að miðað væri við t. d. að 1. maí væri ekki farið að taka af varamiðluninni, og nýtist hún þá í sérstaklega slæmum vatnsárum. Rennsli Þjórsár og Tungnaár er nokkuð á vorin þannig að þó Þórisvatnsmiðlun tæmist þá er alltaf einhver framleiðsla í virkjunum á svæðinu. Með Ármótastíflu eiga vandamál vegna íss við Búrfellsþirkjun að minnka til muna og á þá ekki lengur að vera þörf á að hleypa "vatnsgusum" úr Þórisvatni til ísskolunar, en ef þess gerist þörf prátt fyrir stífluna má mæta því að vissu marki með því að hleypa úr Ármótaloninu.

Nefna má að sumar forsendur sem notaðar eru við rekstrareftirlíkingar eru óeðlilega strangar. Eins og fram kemur í kafla 2 hér að framan er afgangsorkumarkaðurinn umfram raforkuspá 416 GWh/a, en frá fornu fari hefur í reksrareftirlíkingum verið gert ráð fyrir 485 GWh/a. Fremur ólíklegt er að stóriðjan nýti sér meira en rúmar 300 GWh/a miðað við aðstæður í dag. Einnig er gert ráð fyrir að vatnsstaðan í Þórisvatni í upphafi vatnsárs sé hin sama og hún var í lok næsta árs á undan í rennslisröðinni, t. d. þegar gerð er rekstrareftirlíking fyrir vatnsárið 1960 og kerfið 1985/1986, þá er notuð sem upphafsstaða miðlunar lokastaðan fyrir vatnsárið 1959 miðað við sama kerfi. Ef orkuvinnslugeta kerfisins er nokkur umfram þörf næsta ár á undan, og umframgetan þetta árið mun minni, þá verður vatnshæð, sem notuð er í rekstrareftirlíkingum, í upphafi vatnsárs óeðlilega lág.

Nýlega sendi Orkustofnun Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins bréf par sem þess er farið á leit að þær tilnefni fulltrúa í starfshóp, sem hefði það starfsvið að endurskoða aðferðir og forsendur sem notaðar eru við tímasetningu virkjana og mat á orkuvinnslugetu. Þær hugleiðingar sem koma fram hér og í greinargerð verkfræðistofunnar Strengs verða væntanlega teknar upp á þeim vettvangi.

5 UPPBYGGING FLUTNINGSKERFISINS

Við athuganir á uppbyggingu flutningskerfis raforku skiptir miklu málí hvaða forsendur eru notaðar. Sú forsenda sem mest hefur verið notuð hér á landi er hin svonefnda n-1 regla, en þá er gert ráð fyrir að einn hlekkur í flutningskerfinu megi bresta án þess að til langvarandi skerðingar komi hjá notendum. Raforkukerfið hér á landi uppfyllir ekki þessa forsendu í dag, en gert er ráð fyrir að þróun þess á næstu árum verði á þann veg að innan fárra ára muni meginflutningskerfið uppfylla þessar kröfur.

Í athugunum sínum hefur Orkustofnun notað n-1 regluna, en Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins hafa undanfarið talið að nota beri strangari forsendur en þessa, og hafa talað um að miða við að innan 10 - 20 ára ætti kerfið að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru á Norðurlöndum. Eðlilegt er að stefna að kerfi sem hefur sem mest rekstraröryggi á meðan það getur talist hagkvæmt. Það er einungis nýlega sem allt landið er orðið sam tengt í eitt landskerfi, en fyrir fáum árum síðan voru hér mörg sjálfstæð raforkusvæði. Þróun raforkukerfisins hefur því verið hröð á síðustu árum, en ekki er hægt að gera ráð fyrir að við stökkvum á fáum árum úr vanþróuðu kerfi yfir í eins öfugt kerfi og tilkast í meginhluta Evrópu, þar sem það er bæði dýrt og uppbygging kerfisins þarf að byggja á reynslu sem fæst af rekstri nýrra lína. Á næstu árum þarf að meta það hvaða forsendur eðlilegt er að nota hér á landi varðandi uppbyggingu meginflutningskerfisins.

Landsvirkjun hefur í sínum athugunum gert ráð fyrir að næsta viðbót í meginflutningskerfi raforku eftir að byggðalinuhringnum likur verði lína frá Þjórsárvæðinu að Akureyri (Sprengisandslína). Áður hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir að tvöföldun byggðalinunnar á Vesturlandi yrði næsta skrefið í uppbyggingu flutningskerfisins og kæmi þá á árunum 1984 og 1985. Þessar línur nýtast vel fram að því að Blönduvirkjun hefur rekstur, en eftir það sýna álagsflæðireikningar að litlir flutningarár verða um þær. Ef Blönduvirkjun hefur rekstur 1987 vaknar sú spurning hvort ekki sé hægt að pola erfiðan rekstur á byggðalinunum næstu ár á undan. Þetta er einn ókosturinn við að binda sig strangt við n-1 regluna, þ. e. hún getur krafist þess að ný lína komi í rekstur sem nýtist vel í tiltölulega stuttan tíma, en tilkoma nýrrar virkjunar geri hana síðan óparfa. Sprengisandslína nýtist aftur á móti nokkuð vel til flutninga norður og austur á land við mismunandi markaðsuppbyggingu. Þar á móti kemur að petta er dýr lína og önnur uppbygging kerfisins getur verið hagkvæmari. Ef orkuflutningar til tveggja ofna kísilmálverksmiðju á Reyðarfirði eiga að vera sæmilega tryggðir fyrir 1987, en líklegt er að Blanda hefji rekstur þá, væri eðlilegast að gera ráð fyrir

Sprengisandslinu 1986. Að vísu yrði rekstur kerfisins erfiður fram til 1986 ef styrking á Vesturlandi kemur ekki til.

Ef ný virkjun utan Suðurlands hefur ekki rekstur fyrri en eftir 1990 þá þarf Sprengisandslinu til að tryggja flutninga norður og austur á land. Ef Blönduvirkjun hefur rekstur 1987 má komast af án Sprengisandslinu í mörgum tilvikum en í staðinn kæmi tvöföldun á linum á Vesturlandi og lína frá Blöndu að Akureyri. Í töflu 5.1 er sýnt hvernig fjárfestingar næstu ára yrðu í þessum tveim tilvikum miðað við verðlag í júní 1982.

Tafla 5.1 Fjárfestingar í flutningskerfinu.

Ár Tvöföldun á Vesturlandi Sprengisandslína

| | | |
|------|----|---------|
| 1984 | 32 | Mkr |
| 1985 | 70 | - |
| 1986 | | 217 Mkr |
| 1987 | 80 | - |

Uppbygging eftir 1987 þarf ekki að vera eins í þessum tveim leiðum og er samanburðurinn því ekki algildur. Þessar tölur sýna að fjárfestingar verða heldur minni á næstu árum ef farið er í styrkingar á Vesturlandi heldur en ef farið er í Sprengisandslinu. Með Sprengisandslinu fæst öruggara kerfi sem getur hentat vel við mismunandi markaðspróun, en aftur á móti er kerfið betur sett árin 1984-1986 í hinu tilvikinu. Kanna þarf rækilega hvert sé heppilegasta næsta framhald í uppbyggingu flutningskerfisins.

Viðauki 1

Greinargerð verkfræðistofunnar Strengs

- 1 -

12.08.1982
SJ

ORKUSTOFNUN

IÐNAÐARSTEFNUR IS-9, 11, 12 og 13.
VIRKJUNARLEIÐIR VL-9 og VL-10

Ágúst 1982

Verkfræðistofan STRENGUR
Ármúla 40 s.85130

Skúli Jóhannsson

KAFLI 1 : Iðnaðarstefnur IS-9 og IS-11
Virkjunarleiðir VL-9 og VL-10

Athugaðar hafa verið virkjunarleiðirnar VL-9 og VL-10 fyrir tvær iðnaðarstefnur IS-9 og IS-11.

Bæði í virkjunarleiðum VL-9 og VL-10 er gert ráð fyrir, að á eftir aðgerðum á þjórsárvæði, sem felast í byggingu stíflu á Ármótum Tungnaár og Þjórsár ("Ármótaстífla"), Kvíslaveitu og stækkan Þórisvatns í 1765 G1, verði næst virkjað í Búrfellsvirkjun II (140 MW) og í Blönduvirkjun (150 MW, Tilhögun I, $400+20=420$ G1). Mismunurinn á virkjunarleiðum VL-9 og VL-10 er sá, að í VL-9 kemur Búrfellsvirkjun á undan Blönduvirkjun en á eftir í VL-10. Samanburður á kostnaði við þessar tvær leiðir á að gefa til kynna á hvorri virkjuninni er hagkvæmara að byrja.

Ekki er unnt að gera slikan samanburð án þess að gefa sér eitthvað um þróun raforkumarkaðar á næstu árum. Stillt hefur verið upp tveimur iðnaðarstefnum IS-9 og IS-11, sem sýndar eru í töflu 1.1:

Tafla 1.1
Iðnaðarstefnur IS-9 og IS-11

| Ar | IS-9 | | IS-11 | |
|---------|-------|-----|-------|----|
| | GWh/a | MW | GWh/a | MW |
| 1985 | 370 | 50 | 370 | 50 |
| 1986 | | | | |
| 1987 | 835 | 100 | | |
| 1988 | | | | |
| 1989 | | | | |
| 1990 | 945 | 120 | | |
| 1991 | 395 | 50 | | |
| ----- | | | | |
| samtals | 2545 | 320 | 370 | 50 |
| ----- | | | | |

Tölurnar í töflunni sýna orkumarkað umfram "neðri spá" orkusþárnefndar frá apríl 1981, en þær er ekki gert ráð fyrir nýrri stóriðju. Bæðum iðnaðarstefnum er það sam-eiginlegt að árið 1985 er áætlað að kísilmálmverksmiðja hefji rekstur á Austurlandi. Um nánari lýsingu á iðnaðarstefnum vísast til greinargerðar Orkustofnunar.

Í töflu 1.2 eru sýndar tímasetningar Búrfellsþirkjunar II og Blönduvirkjunar. Notaðar voru sömu aðferðir og í skýrslum Orkustofnunar frá febrúar 1981 um vinnslu og flutning raforku til aldamóta.

Tafla 1.2
Tímasetningar virkjana

| ar | IS-9 VL-9 | IS-11 VL-9 | VL-10 |
|-------------------------|------------------|--------------------|-------|
| 1985 | | | |
| 1986 | | | |
| 1987 | BII+Blö | Blö+BII | BII |
| 1988 | ----- | | Blö |
| 1989 | Eins fyrir báðar | | |
| 1990 | leiðir hér eftir | | |
| 1991 | | Blö | |
| 1992 | | | |
| 1993 | | BII | |
| 1994 | | | |
| 1995 | | Eins fyrir báðar | |
| | | leiðir hér eftir | |
| BII: Búrfellsþirkjun II | | Blö: Blönduvirkjun | |

Að gefnum tímasetningum virkjana var reiknað nágildi kostnaðar og var gengið út frá eftirfarandi forsendum:

- Verðlag í desember 1981.
- Reiknivextir 8%.
- Nágildi kostnaður er reiknað til miðs árs 1982.
- Stofnkostnaður Búrfellsþirkjunar (140 MW) er áætlaður 690 Mkr.
- Stofnkostnaður Blönduvirkjunar (Tilhögun I, 400+20 G1 miðlun, 150 MW) er áætlaður 1140 Mkr.
- Annar kostnaður vegna Blönduvirkjunar:
 - Girðingar, vegir og brýr : 18,5 Mkr.
 - Viðhald girðinga, vega og brúa : 2,5 Mkr/ári
 - Ræktun og uppgræðsla : 75,6 Mkr.

EKKI var tekið tillit til mögulegrar áfangaskiptingar, en í báðum virkjunum felst hún í seinkun á niðursetningu seinni vélar um eitt til tvö ár.

Niðurstöður útreikninga á nágildi kostnaðar eru sýndar í töflu 1.3:

12.08.1982

SJ

Tafla 1.3
Núgildi kostnaðar við vinnslu raforku (Mkr.)

| Virkjunarleið | Iðnaðarstefna | IS-9 | IS-11 |
|---------------|---------------|------|-------|
| VL-9 | 0 | 0 | |
| VL-10 | 0 | | 32 |

Í töflunni er núgildi kostnaðar fyrir virkjunarleið VL-9 sett 0 fyrir báðar iðnaðarstefnur. Umframkostnaður við að fara virkjunarleið VL-10 stendur þá í neðri línumanni.

Eins og fram kemur í töflunni fæst sama núgildi kostnaðar fyrir báðar virkjunarleiðir ef farin er iðnaðarstefna IS-9. Liggur það í hlutarins eðli enda koma bæði Búrfellsvirkjun og Blönduvirkjun inn á sama ári, sbr. töflu 2. Ef farin er iðnaðarstefna IS-11, þ.e. allri frekari uppbyggingu stóriðju hætt að lokinni kísilmálverksmiðju á Austurlandi, er mun hagkvæmara að fara virkjunarleið VL-9. Mismunurinn nemur 32 Mkr. í núgildi en ef "öðrum kostnaði" vegna Blönduvirkjunar, sem nefndur var hér að framan, er sleppt verður mismunurinn aðeins 7 Mkr.

KAFLI 2 : Iðnaðarstefnur IS-12 og IS-13
Virkjunarleiðir VL-9 og VL-10

Virkjunarleiðum VL-9 og VL-10 er lýst í kafla 1 og gilda hér allar sömu forsendur um grunnkerfi, stærð virkjana, reikni-vexti og kostnað.

Iðnaðarstefnur IS-12 og IS-13 eru sýndar í töflu 2.1, en um nánari lýsingu á þessum iðnaðarstefnum vísast til grein-argerðar Orkustofnunar.

Tafla 2.1
Iðnaðarstefnur IS-12 og IS-13

| Ar | IS-12 | | IS-13 | |
|---------|-------|-------|-------|-------|
| | GWh/a | MW | GWh/a | MW |
| 1985 | 370 | 50 | 370 | 50 |
| 1986 | | | | |
| 1987 | 655 | 80 | 440 | 50 |
| 1988 | 180 | 20 | | |
| 1989 | | | | |
| 1990 | 945 | 120 | 945 | 120 |
| 1991 | 395 | 50 | 395 | 50 |
| 1992 | | | | |
| 1993 | | | 395 | 50 |
| ----- | ----- | ----- | ----- | ----- |
| samtals | 2545 | 320 | 2545 | 320 |
| ----- | ----- | ----- | ----- | ----- |

Í töflu 2.2 eru sýndar tímasetningar Búrfellsvirkjunar II og Blönduvirkjunar.

Tafla 2.2
Tímasetningar virkjana

| ar | IS-12 VL-9 | VL-10 | IS-13 VL-9 | VL-10 |
|-------------------------|------------------|--------------------|------------------|-------|
| 1985 | | | | |
| 1986 | | | | |
| 1987 | BII+Blö | Blö | BII | Blö |
| 1988 | | BII | Blö | |
| 1989 | | | | |
| 1990 | Eins fyrir báðar | | | BII |
| 1991 | leiðir hér eftir | | | |
| 1992 | | | Eins fyrir báðar | |
| 1993 | | | leiðir hér eftir | |
| BII: Búrfellsþirkjun II | | Blö: Blönduvirkjun | | |

Niðurstöður útreikninga á nágildi kostnaðar eru sýndar í töflu 2.3.

Tafla 2.3
Nágildi kostnaðar við vinnslu raforku (Mkr.)

| Virkjunarleið | Iðnaðarstefna IS-12 | IS-13 |
|---------------|------------------------|-------|
| VL-9 | 0 | 0 |
| VL-10 | -16 | -44 |

Í virkjunarleiðum VL-9 og VL-10 er gert ráð fyrir, að næstu tvær virkjanir verði Blönduvirkjun og Búrfellsþirkjun II. Í VL-9 kemur Búrfellsþirkjun á undan en í VL-10 kemur Blönduvirkjun á undan. Tölurnar í töflunni leiða í ljós, að ef farin er iðnaðarstefna IS-12 eða IS-13, er hagkvæmara að byrja á Blönduvirkjun.

KAFLI 3 : Afgangsorka 1.sept.'85 til 31.ág.'87.

í töflu 3.1 er sýnd skerðing orkuafhendingar annars vegar á tímabilinu 1.sept.'85 til 31.ág.'86, sem merkt er "1985", og hins vegar á tímabilinu 1.sept.'86 til 31.ág.'87 og er það merkt "1986". Með skerðingu er þæði átt við skömmtu afgangsorku og framleiðslu í oliustöðvum. Sýndar eru niðurstöður rekstrareftirlíkinga fyrir brenni konar afgangsorkumarkað, 485, 310 og 416 GWh/ári, en orkubúskapardeild Orkustofnunar telur 310 GWh/ári nærrri lagi. Gert var ráð fyrir að aðgerðum á Þjórsárvæði, sem lýst er í kafla 1, væri lokið og kísilmálmverksmiðja á Austurlandi tekin til starfa, en það er í samræmi við allar iðnaðarstefnur hér að framan. Í töflunni er einnig sýnd skerðing orkuafhendingar fyrir tímabilið 1.sept.'87 til 31.okt.'88, sem merkt er "1987", ef afgangsorkumarkaður er 416 GWh/ári og ný virkjun ekki tekin til starfa. Þetta gæti átt sér stað, ef óvæntar langvarandi tafir verða við byggingu næstu vatnsaflsvirkjunum.

Í eftirlíkingum voru notuð vatnsárin þrjátíu 1950-1979.

Taflan sýnir glögglega hversu breytileg útkoman getur verið. Í vatnsríkum árum er engin skerðing, en hætta er á mjög verulegri skerðingu í þurru árunum.

12.08.1982
SJ

Tafla 3.1.
Skerðing orkuafhendingar 1985 og 1986
(Eining GWh)

| Afgangsorkumarkaður : | 485 GWh/ári | | | | 310 GWh/ári | | | |
|-----------------------|-------------|------|------|------|-------------|------|------|------|
| Ár : | 1985 | | 1986 | | 1985 | | 1986 | |
| Teg. skerðingar : | afg | olía | afg | olía | afg | olía | afg | olía |
| 1950 | 89 | 44 | 224 | 61 | 0 | 0 | 71 | 25 |
| 1951 | 285 | 7 | 336 | 30 | 135 | 7 | 203 | 32 |
| 1952 | 146 | 0 | 232 | 0 | 0 | 0 | 107 | 0 |
| 1953 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1954 | 19 | 0 | 82 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 |
| 1955 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1956 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1957 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1958 | 0 | 0 | 17 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1959 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1960 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1961 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1962 | 0 | 0 | 111 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1963 | 19 | 0 | 157 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1964 | 51 | 0 | 264 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1965 | 263 | 55 | 377 | 104* | 0 | 0 | 143 | 57 |
| 1966 | 297 | 14 | 352 | 29 | 130 | 0 | 214 | 35 |
| 1967 | 222 | 0 | 283 | 26 | 105 | 0 | 158 | 26 |
| 1968 | 19 | 0 | 126 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1969 | 0 | 0 | 31 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1970 | 0 | 0 | 131 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1971 | 0 | 0 | 75 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1972 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1973 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1974 | 0 | 0 | 37 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1975 | 0 | 0 | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1976 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1977 | 105 | 0 | 196 | 7 | 0 | 0 | 58 | 0 |
| 1978 | 205 | 0 | 350 | 0 | 0 | 0 | 143 | 0 |
| 1979 | 336 | 65 | 336 | 111 | 192 | 16 | 215 | 120 |
| meðaltal : | 68 | 6 | 128 | 12 | 19 | 1 | 44 | 9 |

afg: skerðing afgangsorku

olía: framl. í oliustöðvum

* : þar af skortur 12 GWh

(frh. á næstu síðu)

Tafla 3.1. (frh.)
Skerðing orkuafhendingar 1985, 1986 og 1987
(Eining GWh)

Afgangsorkumarkaður : 416 GWh/ári

Ár : 1985 1986 1987

Teg. skerðingar : afg olía afg olía afg olía

| | | | | | | |
|------|-----|----|-----|-----|-----|------|
| 1950 | 51 | 0 | 144 | 70* | 240 | 157& |
| 1951 | 242 | 14 | 288 | 39 | 313 | 105 |
| 1952 | 106 | 0 | 184 | 0 | 221 | 31 |
| 1953 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1954 | 0 | 0 | 54 | 0 | 140 | 0 |
| 1955 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1956 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16 | 0 |
| 1957 | 0 | 0 | 0 | 0 | 48 | 0 |
| 1958 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 0 |
| 1959 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1960 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 0 |
| 1961 | 0 | 0 | 0 | 0 | 48 | 0 |
| 1962 | 0 | 0 | 32 | 0 | 160 | 0 |
| 1963 | 0 | 0 | 104 | 0 | 190 | 8 |
| 1964 | 0 | 0 | 172 | 0 | 320 | 0 |
| 1965 | 110 | 15 | 297 | 90 | 370 | 207€ |
| 1966 | 240 | 7 | 299 | 30 | 362 | 76 |
| 1967 | 178 | 0 | 232 | 26 | 293 | 69 |
| 1968 | 0 | 0 | 64 | 0 | 137 | 0 |
| 1969 | 0 | 0 | 0 | 0 | 111 | 0 |
| 1970 | 0 | 0 | 64 | 0 | 191 | 0 |
| 1971 | 0 | 0 | 0 | 0 | 96 | 0 |
| 1972 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 1973 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 0 |
| 1974 | 0 | 0 | 32 | 0 | 112 | 0 |
| 1975 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 0 |
| 1976 | 0 | 0 | 0 | 0 | 57 | 0 |
| 1977 | 25 | 0 | 199 | 7 | 307 | 51 |
| 1978 | 127 | 0 | 272 | 0 | 396 | 0 |
| 1979 | 272 | 42 | 288 | 116 | 304 | 179 |

meðaltal : 45 3 91 12 152 27

afg: skerðing afgangsorku olía: framl. í oliustöðvum
*:skortur 18 GWh &:skortur 42 GWh €:skortur 29 GWh

KAFLI 4 : Orkuvinnslugeta og öryggi raforkuafhendingar.

Hér að framan er gerður samanburður á tveimur virkjunum og reynt að svara þeirri spurningu hvor þeirra sé hagkvæmari sem næsta vatnsaflsvirkjun í landinu. Við tímasetningu þessara virkjana var notað reiknilíkan, sem lýst er í skýrslum Orkustofnunar um vinnslu og flutning raforku til aldamóta frá febrúar 1981. Fyrir hvert ár, sem til greina kemur að tímasetja nýja virkjun er fundinn kostnaður við hagkvæmasta rekstur raforkukerfisins bæði með og án hennar. Ef ný virkjun leiðir til meiri sparnaðar í rekstri kerfisins á fyrsta ári en sem nemur fjármagns- og rekstrarkostnaði hennar er hún látin hefja raforkuframleiðslu það ár, annars er henni seinkað.

Með þessari aðferð er eingöngu hið fjárhagslega mat látið ráða hvenær ný virkjun hefur raforkuframleiðslu. Ekki eru gerðar kröfur um ákveðið lágmarks öryggi raforkuafhendingar, heldur er tekið tillit til öryggisins með því að leggja fjárhagslegt mat á þann orkuskort, sem reiknaður er á grundvelli þeirra þrjátíu vatnsára, sem eftirlíkingarnar spanna. Verðlagning orkuskortsins í eftirlíkingunum hefur þannig áhrif á öryggi raforkuafhendingar. Því herra, sem skortverðið er þeim mun varlegar eru miðlanir dregnar niður í eftirlíkingunum, en þá er afgangsorka skert og/eða oliurafstöðvar settar í gang. Á þennan hátt stýrir verðlagning orkuskorts óbeint rekstrarörygginu.

Á undanförnum misserum hafa komið fram efasemdir um að ofangreind aðferð sé réttlætanleg, einkum frá rekstrarmönnum Landsvirkjunar. Miðlanir séu keyrðar of hratt niður og engar ráðstafanir gerðar til að bægja frá orkuskorti ef vorar seint.

Til nánari glöggvunar á þessu eru sýndir á myndum 4.1-3 miðlunarferlar Þórisvatns fyrir þrjú mismunandi tilvik:

Mynd 4.1 sýnir miðlunarferla Þórisvatns ef raforkumarkaður er jafn orkuvinnslugetunni samkvæmt "3 0/00 reglunni", en hún hefur verið notuð hér á landi á undanförnum árum við skilgreiningu á orkuvinnslugetu. (Reglunni er lýst í skýrslunni "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta. II Orkuver", Orkustofnun, febr.1981.) Gert er ráð fyrir að aðgerðum á Þjórsárvæði sé lokið, en þær felast í Ármótastíflu, sem reist verður við ármót Efri-Þjórsár og Tungnaár, Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatns í 1765 Gl. Einnig er gert ráð fyrir að Búrfellsvirkjun II (140 MW) sé tekin til starfa.

Líkt er eftir rekstri raforkukerfisins í 30 ár og notað

12.08.1982

SJ

rennsli vatnsáranna 1950-1979. Í öllum árum er haft sama álag og lokastaða miðlunar í einu ári er upphafsstæða miðlunar í næsta ári á eftir. Ekki er gert ráð fyrir neinni afgangsorku.

Á myndinni sést að í árunum 30 fer miðlunin:

| | | | | | | | |
|-----|------|-------|-------|-----|----|--------|---------|
| í 8 | árum | niður | fyrir | 20% | af | fullri | miðlun, |
| í 7 | " | " | " | 15% | " | " | , |
| í 6 | " | " | " | 10% | " | " | og |
| í 6 | " | " | " | 5% | " | " | . |

Á síðastliðnum vetrí gerðu rekstrarmenn Landsvirkjunar ráð fyrir að síðustu 150 Gl í Þórisvatni væri varamiðlun, sem ekki átti að reikna með að væri fyrir hendi við skipulagningu á notkun vatns yfir vetrarmánuðina. Hægt yrði að grípa til þessa varaförða í algjörum neyðartilvikum, t.d ef óvæntar frosthörkur kæmu síðla vetrar og rennsli ánnan yrði jafnvel minna en minnsta sögulega rennsli á sama árstíma. Ef rekstur Búrfellsþirkjunar truflast vegna mikils framburðar iss í Þjórsá verður að vera fyrir hendi vatn í miðlunum svo hægt sé að losa um hann með því að senda "gusur" niður ána.

Undanfarin ár hefur nýtanleg miðlun í Þórisvatni verið um 1000 Gl. (Nýlokið er við dýpkun á útrennsli vatnsins við Vatnsfellsveitu, sem mun auka miðlunina í 1300-1400 Gl). 150 Gl varamiðlun er því um 15% af fullri miðlun.

Þrátt fyrir allt tal um varamiðlun, er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að síðustu 15% miðlunar nýtist í alþurrustu árum. En ef slikt kemur fyrir í 7 árum af 30 eins og í eftirlíkingunum verður það að teljast líklegur atburður og leiðir í ljós að ekki er fullt samræmi á milli þess, sem eftirlíkingarnar gefa og rekstrarmenn telja eðlilegt öryggi í orkuafhendingu.

Nú er spurningin eftir hverju á að fara þegar meta skal orkuvinnslugetu kerfisins, rekstrarmönum eða niðurstöðum eftirlíkinga, sem unnar eru í tölvum. Hér er um ákaflega mikilvægt atriði að ræða, því það segir m.a. til um hvenær tímasetja skuli næstu meiriháttar vatnsaflsvirkjun í landinu. Á mynd 4.2 eru sýndir miðlunarferlar Þórisvatns fyrir veturinn 1985/86 og eru þetta niðurstöður eftirlíkinga fyrir vatnsárin þrjátíu. Eftirlíkingarnar voru framkvæmdar á sama hátt hér að framan, þ.e. í öllum árum er haft sama álag og lokastaða miðlunar í einu ári er upphafsstæða í næsta ári á eftir. Notuð var raforkuspá orkuspárnefndar og markaður fyrir afgangsraforku hjá stóriðjuverum áætlaður 485 GWh/ári. Gert er ráð fyrir að fyrرنefndum aðgerðum á Þjórsárvæði sé lokið, en ný vatnsaflsvirkjun ekki enn tekin til starfa. Fram kemur að af árunum 30 fer miðlunin:

12.08.1982

SJ

| | | | | | | | |
|------|------|-------|-------|-----|----|--------|---------|
| í 15 | árum | niður | fyrir | 20% | af | fullri | miðlun, |
| " | " | " | " | 15% | " | " | , |
| í 13 | " | " | " | 10% | " | " | og |
| í 8 | " | " | " | 5% | " | " | . |
| í 7 | " | " | " | | | | |

Á mynd 4.3 er á sama hátt sýndir miðlunarferlar Þórisvatns fyrir veturinn 1986/87 og fer miðlunin:


| | | | | | | | |
|------|------|-------|-------|-----|----|--------|---------|
| í 16 | árum | niður | fyrir | 20% | af | fullri | miðlun, |
| " | " | " | " | 15% | " | " | , |
| í 13 | " | " | " | 10% | " | " | og |
| í 12 | " | " | " | 5% | " | " | . |
| í 8 | " | " | " | | | | |

Af þessu má vera ljóst, að rekstur raforkukerfisins verður áhættusamur einkum veturinn 1986/87. Í töflu 3.1 kemur fram, að þó miðlanir séu nýttar í jafn ríkum mæli og miðlunarferlnir sýna, gæti komið til verulegrar skerðingar á afgangsorku ef þessi ár verða vatnsrýr. Ef miðlanir eru dregnar minna niður mun það óhjákvæmilega leiða til enn meiri skerðingar en sýnt er í töflunni.


Í núverandi samningum Landsvirkjunar og íslenska járnblendifélagsins er kveðið á um að skerðing afgangsorku til verksmiðjunnar á Grundartanga skuli aldrei fara niður fyrir 50% á ársgrundvelli. Í töflu 3.1 kemur fram að all miklar líkur eru á að ekki verði unnt að uppfylla þessi skilyrði. Hvernig á nú að bregðast við? Eigum við að flýta næstu virkjuna til haustsins 1986 til að geta örugglega staðið við samninginn, en eina virkjuna, sem kemur til greina, er Búrfellsvirkjun II? Aukin sala afgangsorku, sem þá yrði möguleg, myndi aðeins greiða lítinn hluta kostnaðar við flýtingu virkjunarinnar.

Ekki verður reynt að komast að neinni niðurstöðu hér um hvort breyta eigi þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið á undanförnum árum við ákvörðun á orkuvinnslugetu og tíma-setningu nýrra virkjana. Verkfraðistofan Strengur hefur unnið að þessu máli á síðustu vikum í samstarfi við verkfræðinga Landsvirkjunar og er niðurstaðna að vænta á næstunni.

mynd 4.1 Miðlunarferlar Þórisvats – orkuvinnskugeta.



mynd 4.2 Miðlunarferlar Þórisvaths - 1985/86



mynd 4.3 Miðlunarferilar Þórisvats - 1986/87

